

Föstudaginn 21. nóvember 1969.

Nr. 187/1968. **Halldór Halldórsson**
(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

**Magnúsi Þorleifssyni og
Gunnari Jónssyni**
(Gunnar Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Uppboðsmál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar 1968. Í því máli gekk útivistardómur 2. október 1968. Hann áfrýjaði málinu af nýju til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 21. október 1968. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði krafðist stefndi Magnús Þorleifsson þess, að honum yrðu greiddar kr. 16.132.52 af uppboðsandvirði m/s Bryndísar, GK 17 (áður m/s Leifur, ÓF 4), og var sú krafa tekin til úrskurðar. Uppboðsdómariinn hratt þeirri kröfu, en ákvað að greiða skyldi lögmanni stefnda Magnúsar Þorleifssonar, Gunnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, sem ekki var aðili málsins, af uppboðsandvirðinu kr. 11.921.00 auk 7% ársvaxta af kr. 5.000.00 frá 17. júlí 1967 til greiðsludags. Þessi meðferð er ólögmat, og verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Það athugast, að rétt hefði verið af uppboðsdómara að gefa stefnda Magnúsi Þorleifssyni kost á að renna stöðum undir staðhæfingar hans um ólæsi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Hafnarfjarðar 30. desember 1967.

Ár 1967, laugardaginn 30. desember, var í uppboðsrétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingi-mundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu: Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Magnúsar Þorleifssonar gegn Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til úrskurðar þann 19. þ. m.

Í máli þessu hefur sækjandi krafizt þess, að greidd verði af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, sjóveðkrafa Magnúsar Þorleifssonar, Grindavík, í m/b Leifi, ÓF 4, (nú Bryndís, GK 17), að fjárhæð kr. 16.595.00 auk vaxta og kostnaðar, sem samtals nemur kr. 8.537.52 samkvæmt reikningi sækjanda, þannig að samtals nemur heildarkrafa hans, sem hann krefst greiðslu á, kr. 25.132.52.

Verjandi, Halldór Halldórsson, krefst aðallega sýknu af kröfu sækjanda og til vara, að sækjanda verði aðeins greidd af uppboðsandvirði m/b Bryndísar innheimtulaun af þeirri fjárhæð, sem verjandi telur hafa verið greidda sem fullnaðargreiðslu á sjóveðkröfu Magnúsar Þorleifssonar í m/b Leifi, þ. e. af kr. 9.000.00, svo sem síðar verður lýst.

Hvorugur málsaðilja hefur krafizt málskostnaðar úr hendi hins.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja í máli þessu, eru málavextir þessir:

Þann 27. júní s.l. fór fram uppboð á m/b Bryndísi, GK 17, (áður Leifur, ÓF 4), en eigandi skipsins og uppboðsþoli var þá talinn vera Útvegsbanki Íslands, Akureyri. Meðal uppboðsbeiðenda var Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, en með bréfi, dags. 2. febrúar s.l., hafði hann krafizt uppboðs á nefndu skipi, sem á uppboðsdegi lá í Hafnarfjarðarhöfn, til lúkningar kröfu samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 25. október 1966, í málinu: Magnús Þorleifsson gegn Helga Th. Andersen, að fjárhæð kr. 16.595.00 auk 7%

ársvaxta frá 1. júlí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 3.800.00. Fjárnámsendurrit fylgdi uppboðsbeiðni sækjanda, og hafði samkvæmt því verið gert fjárnám í m/b Leifi, ÓF 4, í Grindavík þann 9. janúar 1967 til tryggingar áður nefndri dóm-skuld svo og öllum kostnaði við fjárnám og uppboð, ef til kæmi.

Hæstbjóðandi við áður nefnt uppboð varð Halldór Halldórsson skipasali, Reykjavík, og nam boð hans kr. 1.600.000.00.

Þegar kom til greiðslu á uppboðsandvirðinu, mótmælti hæstbjóðandi, verjandi í máli þessu, réttmæti kröfu sækjanda, með því að hann (verjandi) hefði þá þegar að fullu greitt umbjóðanda sækjanda, Magnúsi Þorleifssyni, kröfu hans, og lagði hann því til sönnunar fram kvittun nefnds Magnúsar, dags. 31. október s.l., þar sem segir m. a., að hann hafi fengið greiddar sem fullnaðargreiðslu á kröfu sinni kr. 9.000.00, og lýsti jafnframt yfir því, að hann hefði ekki uppi frekari kröfur á hendur eiganda m/b Bryndísar vegna áður nefndrar sjóveðkröfu hans í skipinu.

Kröfðust síðan málsaðiljar úrskurðar um þann ágreining, sem risinn var.

Kröfur sínar hefur sækjandi í greinargerð rökstutt með því, að samkvæmt uppgjóri hans (sækjanda) samkvæmt reikningi nemi krafa umbjóðanda hans þá, 21. nóvember s.l., samtals kr. 25.132.52, höfuðstóll, vextir og allur kostnaður, og sé því ekki um neina fullnaðargreiðslu að ræða með greiðslu kr. 9.000.00 til umbjóðanda hans, enda telur hann augljóst, að umbjóðandi hans hafi ekki haft í huga að kvitta skuldina að fullu með öllum kostnaði og vöxtum með kr. 9.000.00 í stað kr. 25.132.52.

Hins vegar sé hér um að ræða innborgun upp í kröfu umbjóðanda sækjanda, þ. e. kr. 9.000.00, sem hann (sækjandi) kveðst ekkert hafa við að athuga, þannig að eftirstöðvar sjóveðkröfunnar verði nú kr. 16.132.52.

Eins og áður segir, rökstyður verjandi sýknukröfu sína með því, að sjóveðkrafa Magnúsar Þorleifssonar sé að fullu greidd með þeim kr. 9.000.00, sem verjandi greiddi honum að kostnaði öllum meðtöldum. Svo sem áður er frá skýrt, er það varakrafa verjanda, að aðeins verði greidd af uppboðsandvirðinu innheimtulaun af þeirri fjárhæð, sem hann greiddi kröfueiganda sem fullnaðargreiðslu á kröfunni allri, þ. e. kr. 9.000.00.

Lögð hefur verið fram í máli þessu kvittun, undirrituð af Magnúsi Þorleifssyni, dags. 17. júlí 1967, þar sem hann votnar, að Gunnar Jónsson, sækjandi í máli þessu, hafi greitt honum

nefndan dag kr. 5.000.00 upp í sjóveðkröfu hans í m/b Leifi, nú Bryndísi, GK 17.

Verjandi setti við útgáfu uppboðsafsals til hans fyrir nefndu skipi tryggingu, sem uppboðshaldari mat gilda fyrir greiðslu sjóveðkröfu Magnúsar Þorleifssonar samkvæmt reikningi sækjanda, Gunnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Í fyrrnefndri kvittun sjóveðréttarhafa, Magnúsar Þorleifssonar, fyrir greiðslu á kr. 9.000.00, dags. 31. október s.l., staðfestir hann, að hann hafi ekki uppi frekari kröfur á hendur eiganda m/b Bryndísar, GK 17, sem er að veði fyrir kröfu hans samkvæmt áðurnefndum dómi sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Verður að telja, að með þessari yfirlýsingu hafi nefndur sjóveðréttarhafi fyrirt sig sjálfan frekari kröfum í uppboðsandvirði nefnds skips, þótt honum hafi verið dæmd hærrí fjárhæð í fyrrnefndum dómi og tryggð þar með veði í skipinu.

Hins vegar virðist það liggja ljóst fyrir, að sækjandi, Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, sem kom fram sem umboðsmaður Magnúsar Þorleifssonar við allar innheimtuaðgerðir hans fyrir dómstólum vegna kröfu hans á hendur eiganda eða útgerðarmanni umrædds skips, eigi kröfu til, að honum verði greiddur kostnaður hans af málssókn hans og öðrum innheimtuaðgerðum svo og sú fjárhæð, sem sannað telst, að hann hafi greitt umbjóðanda sínum, Magnúsi Þorleifssyni, upp í sjóveðkröfu hans, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð, frá því hann innti þá greiðslu af hendi til greiðsludags. Nemur kostnaður sækjanda samtals samkvæmt reikningi hans kr. 6.921.00, og þykja ekki efni til að vefengja kostnaðarliðina út af fyrir sig, en þeir eru annars þessir:

1. Málskostnaður	kr. 3.800.00
2. Dómsendurrit	— 30.00
3. Birting dóms	— 156.00
4. Fjárnámskostnaður, bílkostnaður, mót og dagpeningar	— 2.290.00
5. Mót vegna uppboðs	— 500.00
6. Ferðakostnaður vegna uppboðs	— 145.00
eða samtals kr. 6.921.00, eins og áður segir.	

Þá þykir rétt samkvæmt áðurfenginni niðurstöðu að greiða sækjanda af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, kr. 5.000.00, sem hann hafði áður greitt umbjóðanda sínum upp í sjóveð-

kröfu hans, ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá greiðsludegi, þ. e. 17. júlí 1967, til greiðsludags. Samtals nemur því fjárhæð sú, sem samkvæmt framansögðu telst rétt að greiða sækjanda af uppboðsandvirði umrædds skips, kr. 11.921.00.

Málkostnaðar hefur ekki verið krafizt af hvorugs aðilja hálfu í máli þessu, og verður því ekki úrskurður felldur um hann.

Því úrskurðast:

Greiða ber sækjanda, Gunnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, af uppboðsandvirði m/b Bryndísar, GK 17, kr. 11.921.00 auk 7% ársvaxta af kr. 5.000.00 frá 17. júlí 1967 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1969.

Nr. 66/1969. **Bjarnfríður Leósdóttir**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Bæjarstjóra Akraneskaupstaðar

f. h. bæjarsjóðs

(Árni Guðjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1969. Krefst hún þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 21.162.33 með 8% ársvöxtum af kr. 4.562.00 frá 1. nóvember 1967 til 1. desember 1967, af kr. 9.124.00 frá þeim degi til 1. janúar 1968, af kr. 12.142.24 frá þeim degi til 1. febrúar 1968, af kr. 16.292.32 frá þeim degi til 1.